

Tölulegar upplýsingar vegna sjúkráþjálfunar 2009-2013

Í október 2009 var sett ný reglugerð um þjálfun nr. 721/2009 sem takmarkaði aðgengi að sjúkráþjálfun. Í stað þess að allir sjúkratryggðir hefðu heimild til 50 skipta í þjálfun á 12 mánaða tímabili var sú heimild lækkuð í 25 skipti en hægt var að sækja um heimild til viðbótarþjálfunar með skilyrðum sem tilgreind eru í reglugerð um þjálfun nr. 721/2009 (með seinni tíma breytingum 2010, 2013 og 2014) ásamt vinnureglum SÍ. Greiðslupátttaka sjúkratryggðs í meðferð var einnig lækkuð. Í júní 2010 var heimild án fyrirfram samþykkis SÍ lækkuð í 20 skipti og greiðslupátttaka sjúklings einnig lækkuð.

Þegar kostnaður SÍ við sjúkráþjálfun á tímabilinu 2009 – 2013 er skoðaður kemur í ljós hvaða breyting á sér stað þegar reglugerðin er sett. Útgjöld SÍ lækka um rúmar 279 milljónir milli árána 2009 – 2010 þrátt fyrir að sjúklingum fjölgi um rúmlega eitt þúsund á milli ára. Árið 2013 fara útgjöld SÍ vegna sjúkráþjálfunar umfram þá upphæð sem hún var 2009. Heildarútgjöld vegna sjúkráþjálfunar árið 2013 er um 450 milljónum hærra en árið 2009 það er hækkun um 17.06%, en útgjöld SÍ árið 2013 er um 60 milljónum hærra en árið 2009 það er hækkun upp á 3.34%. Á þessum tíma frá 2009 - 2013 fjölgar einstaklingum sem nýta þjónustu sjúkráþjálfara um rúmlega 7.000 þ.e. 20.7% fjölgun á sjúklingum.

Tafla 1. Heildarútgjöld vegna sjúkráþjálfunar og hluti SÍ í útgjöldum vegna sjúkráþjálfunar 2009 -2013

ÁR	Heildarútgjöld í kr.	Hluti SÍ eftir afslátt í kr.	Fjöldi einstaklinga	úttekt. m.v.
2009	2.634.729.458	1.817.305.897	35.365	01.01.2011
2010	2.450.453.001	1.537.877.474	36.805	01.01.2012
2011	2.674.198.002	1.685.275.175	39.331	01.01.2013
2012	2.859.159.465	1.751.913.794	41.064	01.01.2014
2013	3.084.278.688	1.877.978.803	42.693	14.07.2014

Meðalheildarkostnaður pr. meðferð árið 2013 var kr. 5.332, en meðalkostnaður SÍ pr. meðferð var kr. 3.247.-

Tafla 2. Meðal fjölda meðferða á einstakling 2009 -2013

Ár	2009	2010	2011	2012	2013
Meðalfjöldi meðferða pr. einstakling	16,64	14,72	14,28	13,54	13,55

Fjöldi meðferða sem notaðar eru fyrir hvern einstakling á ári hefur fækkað verulega síðasta áratug, árið 2004 var meðalmeðferðarfjöldi á sjúkling 17.82 meðferðir/ári en árið 2013 er meðalmeðferðarfjöldi komin í 13.55 meðferðir/ári. Með breytingum á reglugerð síðustu ár hefur annars vegar verið augin kostnaðarhlutdeild sjúklings í meðferðinni og hins vegar settar takmarkanir á þann meðferðarfjölda sem samþykktur er með greiðslupátttöku SÍ. Áhrif þessara breytinga sést í því hvernig meðferðarfjöldi pr. einstakling lækkar milli árána 2009 og 2013, sjá töflu 2. Frá 2009 -2013 hefur meðferðarfjöldi fyrir hvern einstakling dregist saman um 3,09 skipti eða 18,6%.

Ef ekki hefði verið gripið inn í með reglugerðarbreytingu í okt. 2009 og fjöldi skipta/sjúkling hefði haldist sá sami frá því ári má áætla að heildarútgjöld vegna sjúkraþjálfunar væri mun hærri fyrir árið 2013. Miðað við sama meðferðarfjölda árið 2013 og var árið 2009 má áætla að útgjöld vegna sjúkraþjálfunar hefðu farið í kr. 3.788.423.391 árið 2013, og heildarkostnaður SÍ væri kr. 2.306.723.725 þ.e. útgjöld SÍ væru 23% hærri en þau eru í dag (sjá töflu 1) ef ekki hefði verið gripið til aðhaldsaðgerða.

Eins og sést í töflu 1 hefur fjöldi einstaklinga sem leita til sjúkraþjálfara aukist jafnt og þétt síðustu ár og er hækkandi hlutfall af mannfjölda. Árið 2009 fóru um 11.07% Íslendinga til sjúkraþjálfara en árið 2013 var þetta hlutfall komið í 13.11%. Hvað veldur þessari fjölgun eru líklega mörg samverkandi áhrif, en benda má á að sjúkraþjálfurum á samningi við SÍ hefur fjölgað á þessum tíma um rúm 8% og gott aðgengi er að sjúkraþjálfun. Einnig var starfsendurhæfingarsjóður Virk settur á stofn 2008 með það að markmiði að grípa fyrr inn þegar einstaklingar eru að detta af vinnumarkaði vegna veikinda og með því sporna við fjölgun öryrkja. Í ferli Virk er sjúkraþjálfun almennt mjög mikilvægur þáttur.

Við breytingu á reglugerð í okt. 2009 voru reglur um fjölda meðferða í sjúkraþjálfun hertar og þurfti að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá samþykki fyrir framhaldsmeðferð framyfir 25 skipti á ári, í júní 2010 var þessum skiptum fækkað í 20 skipti á ári. Þau áhrif sem þessi breyting á reglugerð hafði í för með sér sést þegar skoðað er hversu margir sjúkratryggðir fara í þjálfun í meira en 20 skipti á ári sjá töflu 3. Reglugerð var breytt seinni part árs 2009 og gefur því ekki rétta mynd sem viðmiðun og því er árið 2008 sett inn til viðmiðunar.

Lítill breyting hefur orðið á hlutfalli þeirra sem nota meira en 50 skipti á ári enda er þar um að ræða þá einstaklinga sem falla undir heimild til samþykkis á viðbótarþjálfun samkvæmt reglugerð nr. 721/2009 (núverandi reglugerð 166/2014) og vinnureglum SÍ. Rúmlega helmingur (56%) þeirra sem koma í sjúkraþjálfun eru að nota minna en 10 skipti á ári og hefur það hlutfall hækkað sl. ár, var 49% árið 2009.

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga sem nota meira en 20 meðferðir á ári

	Heildarfjöldi sjúklinga	Fjöldi > 20 skipti í þjálfun	Hlutfall	Fjöldi > 50 skipti í þjálfun	Hlutfall	Fjöldi > 75 skipti í þjálfun	Hlutfall	Fjöldi > 100 skipti í þjálfun	Hlutfall
2008	34.280	9.687	28,3%	1.832	5,3%	465	1,4%	94	0,27%
2010	36.805	8.641	23,5%	1.371	3,7%	401	1,1%	77	0,21%
2011	39.331	8.346	21,2%	1.312	3,3%	425	1,1%	77	0,20%
2012	41.064	7.220	17,6%	1.307	3,2%	374	0,9%	71	0,17%
2013	42.693	7.916	18,5%	1.397	3,3%	387	0,9%	69	0,16%


Kostnaður pr. einstakling í þjálfun.

Miðað við 2008 hefur kostnaður SÍ pr. sjúkling vegna almennra sjúklinga og ellilífeyrisþega lækkað árið 2013, sjá mynd 1. Í öðrum hópum hefur kostnaður pr. sjúkling almennt hækkað m.v. stöðu einstaklings, þó sýnilega mest hjá örorkulífeyrisþegum. Þetta fylgist að við fækkandi komur í þjálfun síðustu ár, sjá mynd 2, og aukna greiðsluþátttöku hjá almennum sjúklingum og lífeyrisþegum við reglugerðarbreytingu 2009, sjá töflu 4 og 5. Athygli vekur að


Örorkulífeyrisþegar skera sig úr, hjá þeim hefur komum fjölgað og samhliða einnig hærra kostnaður pr. einstakling þrátt fyrir minni greiðsluþátttöku SÍ. Ekki er hægt að sjá einhlíta skýringu á því af hverju komum hjá þessum hóp fjölgar en það gæti verið tengt aukinni virkni í starfsendurhæfingu á þessu tímabili en algengt er að þeir sem eru í starfsendurhæfingu séu einnig skráðir með endurhæfingarlífeyrir.

Við reglugerðarbreytingu 2009 var lífeyrisþegum með tekjutryggingu skipt í flokka eftir hvort tekjutrygging var skert eða óskert, því er ekki hægt að gera samanburð á þeim flokkum fyrir og eftir reglugerð 2009.

Mynd 1. Kostnaður pr. einstakling flokkað eftir sjúklingahópum.



Mynd 2. Komur pr. einstakling flokkað eftir sjúklingahópum



Eins og fram hefur komið þá hafa breytingar á reglugerðum um þjálfun síðustu ára aukið kostnaðarhlutdeild sjúklinga í þjálfun. Í töflu 4 og 5 má sjá þróun á greiðsluþátttöku SÍ í þjálfun

miðað við þær reglugerðir sem voru í gildi á árunum 2008 – 2013. Við síðustu breytingar á reglugerð í febrúar 2014 var greiðsluþátttaka SÍ í meðferð almennra sjúklinga tekin út fyrir fyrstu 5 skiptin, þau skipti greiða sjúklingar að fullu en fyrir næstu 25 skipti er greiðsluþátttaka SÍ 20%.

Tafla 4. Greiðsluþátttaka SÍ í þjálfun m.v. reglugerðir síðustu ára.


	2008	1.10.2009 - 31.05.2010	1.júní 2010 - 31.des. 2013	14.febrúar 2014	
Greiðsluþátttaka SÍ samkv.reglugerð	< 20 meðf.	< 25 meðf.	< 30 meðf.	<30 meðferðir	
Almennir sjúklingar	40%	30%	27%	0% meðf. 1 - 5	20% meðf. 6 - 30
Elli- og örorkulífeyrisþegar	80%	70%	67%	65%	
Lífeyrisþegar m. skerta tekjutryggingu	80%	80%	77%	75%	
Lífeyrisþegar m. óskerta tekjutryggingu	80%	80%	77%	75%	
Börn undir 18 ára	80%	80%	77%	77%	

Tafla 5. Greiðsluþátttaka SÍ í þjálfun m.v. reglugerðir síðustu ára, greiðsluþátttaka með afslætti.


	2008	1.10.2009 - 31.05.2010	1.júní 2010 - 31.des. 2013	14.febrúar 2014
Greiðsluþátttaka SÍ samkv.reglugerð	> 20 meðf	> 25 meðf	>30 meðf	> 30 meðf.
Almennir sjúklingar	75%	60%	60%	60%
Elli- og örorkulífeyrisþegar	80%	80%	80%	75%
Lífeyrisþegar m. skerta tekjutryggingu	100%	90%	90%	85%
Lífeyrisþegar m. óskerta tekjutryggingu	100%	100%	100%	90%
Börn undir 18 ára	100%	100%	100%	100%

Þegar útgjöld SÍ eru skoðuð og skipt hlutfallslega eftir stöðu einstaklinga (mynd 3) og þau borin saman við hlutfallslega fjölda sjúklinga eftir stöðu (mynd 4) er athyglisvert að langfjölmennasti hópurinn eru almennir sjúklingar (56%) en eingöngu 19% útgjalda SÍ eru til þess hóps. Það helst í hendur við þær breytingar sem gerðar hafa verið á greiðsluþátttöku SÍ í þjálfun síðustu ár en kostnaðarþátttaka SÍ er tiltölulega lág í meðferð almennra sjúklinga. Sjá töflu 4. Næst fjölmennasti hópurinn eru ellilífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu, sá hópur telur um 14% af heildarfjölda þeirra sjúklinga sem eru í sjúkrapjálfun. Tæp 30% útgjalda SÍ eru til þessa hóps og getur það að hluta til skýrst það af því að stór hluti þeirra sem þiggja þjónustu í heimahús fellur í þennan hóp. Einnig getur sjúkrapjálfun almennt verið mikilvægur þáttur í því að viðhalda sjálfbjargargetu eldri einstaklinga.

Mynd 3. Útgjöld SÍ fyrir árið 2013 skipt eftir stöðu einstaklinga



Mynd 4. Fjöldi sjúklínga 2013 skipt eftir stöðu einstaklinga



Heimþjálfun

Einstaklingum í heimþjálfun hefur fjölgað um tæp 9% frá 2010 til 2013. Fjöldi meðferða pr. einstakling er svipaður milli ára, sjá töflu 6. Sjúkraþjálfun í heimahúsi er í mörgum tilvikum mikilvægur þáttur í því að viðhalda sjálfsbjargargetu aldraðra einstaklinga svo þeir geti búið áfram á sínum heimilum. Sjúkraþjálfun í heimahúsum er einnig mikið nýtt fyrir langveika sjúklinga sem hafa mjög takmarkaða hreyfifærni og sjúklinga eftir brot og liðskiptaaðgerðir þegar hreyfigeta leyfir ekki ferðir út af heimili.

Tafla 6.

	Fjöldi einstaklinga í heimameðferð	komur	komur/einstakling	úttekt m.v.
2010	712	20.476	28,76	01.01.2012
2011	718	21.132	29,43	01.01.2013
2012	754	21.371	28,34	01.01.2014
2013	776	22.017	28,37	14.07.2014

Þróun útgjalda.

Sjúklingum sem sótt hafa meðferð til sjúkraþjálfara hefur fjölgað um 4% á ári síðustu árin. Ef horft er á þróun útgjalda vegna sjúkraþjálfunar sl. ár og gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúklinga, má gera ráð fyrir að heildarútgjöld vegna þjálfunar muni hækka á næstu árum. Við breytingu á reglugerð í febrúar sl. var aukin kostnaðarhlutdeild almennra sjúklinga í þjálfun og er engin greiðsluþátttaka SÍ vegna fyrstu 5 skipta í meðferð hjá almennum sjúklingum en í næstu 25 skiptum í meðferð er greiðsluþátttaka SÍ 20%. Einnig var í sömu reglugerð aukin greiðsluþátttaka lífeyrisþega með óskerta tekjutryggingu, þeir höfðu áður 100% greiðsluþátttöku frá SÍ eftir 30 skipti í meðferð en sú greiðsluþátttaka var lækkuð í 90%. Þessum aðgerðum er ætlað að draga úr útgjaldaaukningu SÍ vegna þjálfunar.

Í samningum við sjúkraþjálfara í febrúar 2014 var sú áherslubreyting að vægi hópmeðferða og stuttra meðferða í gjaldliðum var aukið. Markmiðið er að fjölga þessum meðferðum á kostnað almennra einstaklingsmeðferða, slík breyting hefur í för með sér fækkun á meðferðarfjölda og lægri útgjöld bæði fyrir einstaklingana sem nota þjálfun og einnig fyrir SÍ. Til að þetta markmið náist þarf góðra samvinnu SÍ og sjúkraþjálfara ásamt virku eftirliti með því að þessir meðferðarpættir sé notaður í samræmi við reglugerð og vinnureglur SÍ.

Tafla 7. Meðalkostnaður pr. meðferð

	Meðalheildarkostnaður/meðferð	Meðalkostnaður SÍ/meðferð
2013	5.332	3.247
2014 – mars – júní	5.557	3.113
2014 júlí - september	5.717	3.203

Þegar útgjöld vegna þjálfunar á þessu ári (2014) eru skoðuð og miðað við tímabilið mars – júní 2014 (eftir að síðasta reglugerð um greiðsluþátttöku í þjálfun nr. 166/2014 tók gildi) var

meðalheildarkostnaður pr. meðferð kr. 5.557. – og meðalkostnaður SÍ pr.meðferð kr. 3.113. Í júlí sl. kom til framkvæmda umsamin taxtahækkun og má ætla að meðalkostnaður pr. meðferð hafi þá farið í kr. 5.717 og meðalkostnaður SÍ pr. meðferð kr. 3.203. Það er 1,34% lægri meðalkostnaður pr. meðferð en var árið 2013, sjá töflu 7. Ef gert er ráð fyrir að meðalfjöldi meðferða pr. sjúkling verði sá sami og árið 2013 en 4% fjölgun sjúklinga má áætla að útgjöld SÍ verði rúmu 1% hærri en árið 2013 en heildarútgjöld verði um 10% hærri en árið 2013. Þegar rauntölur eru skoðaðar fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2014 virðist þó vera vísbending í þá átt að sjúklingum sem sækja þjálfun sé ekki að fjölga og meðferðir á fyrstu 6 mánuðum ársins eru heldur færri nú en á sama tíma í fyrra. Í lok júní voru útgjöld SÍ vegna sjúkraþjálfunar 918.941.573.- m.v. 964.533.219.- þ.e. 5% lægri en á sama tíma árið 2013. Líklegt er að þarna vegi þungt hversu mikil greiðsluþátttaka almennra sjúklinga er í sjúkraþjálfun.

September 2014

Ingveldur Ingvarsdóttir sjúkraþjálfari
sérfræðingur þjálfunareiningu.